

Vatnsskattur samkvæmt 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta og mesta gjald á rúmmetra í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhúsnæði: minnst 70.12 kr/m³ en mest 91.17 kr/m³
 Vörugeymslur: minnst 52.77 kr/m³ en mest 105.54 kr/m³
 Aðrar byggingar: minnst 70.12 kr/m³ en mest 105.54 kr/m³

Vatnsskattur samkvæmt framanskráðum reglum skal aldrei vera lægri en kr. 9 527 af skattskyldri fasteign.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er samkvæmt 2. gr. skal vera kr. 54.04 á hvern rúmmetra vatns.“

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 58 12. janúar 1979.

Félagsmálaráðuneytið, 9. janúar 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um niðurfellingu banns við togveiðum á Vopnafjarðargrunni.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 482 4. desember 1979, um bann við togveiðum á Vopnafjarðargrunni.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. janúar 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir embættisverk fulltrúa í utanríkisþjónustunni.

1. gr.

Fyrir útgáfu vegabréfa og staðfestingaráritanir í sendiráðum eða ræðisskrifstofum Íslands skal greiða eftirfarandi gjöld:

- | | |
|--|--------------|
| 1. Fyrir útgáfu vegabréfa til handhafa á aldrinum 18—66 ára | kr. 5 300.00 |
| 2. Fyrir útgáfu vegabréfa til annarra | — 2 600.00 |
| 3. Fyrir staðfestingararitun í vegabréf eða önnur persónuskilríki | — 900.00 |
| 4. Fyrir að staðfesta undirskriftir stjórnvalda og einstaklinga „(lega-
lisering“), hvert skjal | — 900.00 |

2. gr.

Upphæð gjalds skv. 1. gr. skal rituð í vegabréfið eða á skjalið. Jafnframt skal gefa út sérstaka kvittun fyrir gjaldinu og rita á hana fyrir hvað gjaldið er innheimt.

3. gr.

Gjöld þau, sem innheimt eru skv. reglugerð þessari, renna í rikissjóð, nema þau gjöld, sem kjörræðismenn innheimta, en þau renna til þeirra sjálfra. Gjöldin ber að greiða í mynt hlutaðeigandi ríkis í samræmi við skráð gengi Seðlabanka Íslands. Við útreikninginn er heimilt að jafna upphæðina.

4. gr.

Reglugerð þessa skal prenta á íslensku og ensku og skal hún liggja frammi í íslenskum sendiráðum og ræðisskrifstofum.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 17. gr. laga nr. 39, 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands og öðlast hún gildi hinn 1. febrúar 1980. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð um gjöld til utanríkisráðuneytisins frá 9. janúar 1976.

Utanríkisráðuneytið, 9. janúar 1980.

Benedikt Gröndal.

Hörður Helgason.

REGLUGERÐ

**um greiðslu opinberra gjalda í Reykjavík og Seltjarnarneskaupstað
fyrri hluta ársins 1980.**

1. gr.

Í Reykjavík og Seltjarnarneskaupstað skal innheimta sameiginlega fyrirfram upp í væntanleg þinggjöld og útsvör yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð er nemi 68% — sextíuogátta af hundraði — þeirra þinggjalda og útsvara, sem honum bar að greiða á árinu 1979.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 4. gr. laga nr. 1 18. janúar 1980, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 21. janúar 1980.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.